



## 55. Körfuknattleiksþing | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 19b – Breytingartillaga á þingskjali nr. 19

# Reglugerð um körfuknattleiksmót

## 15. grein

### ERLENDIR LEIKMENN

Í úrvalsdeild karla og kvenna í tveimur efstu deildum karla og kvenna gildir eftirfarandi:

- Á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.
- Á leikvelli hverju sinni mega mest vera tveir Bosman A leikmenn með erlent vegabréf í hvoru liði, eða mest þrír ef enginn leikmaður utan EES er á leikvelli innan liðs.

Í bikarkeppni og meistarakeppni KKÍ gilda sömu reglur og í úrvalsdeild tveimur efstu deildum karla og kvenna.

Í öðrum deildum meistaraflokka gildir að á leikvelli hverju sinni má mest vera einn leikmaður í hvoru liði sem ekki er ríkisborgari EES ríkis.

Erlendur ríkisborgari sem hefur búið á Íslandi samfelld í þrjú ár fjögur ár telst ekki sem erlendur leikmaður í reglugerð þessari og skal hann framvísa nauðsynlegum gögnum til skrifstofu KKÍ þar um. Staðfestingu KKÍ þarf til þess að leikmaður teljist með íslenskum ríkisborgurum. Sá sem hefur leiktíðina sem erlendur leikmaður telst sem slíkur út leiktíðina og skal miða við fyrsta leik í móti á vegum KKÍ (Íslandsmót, bikarkeppnir eða önnur mót/leikir á vegum KKÍ), nema að fenginni undanþágu stjórnar KKÍ.

Erlendum ríkisborgara er heimilt að sækja um undanþágu varðandi þriggja fjögurra ára fasta búsetu til stjórnar KKÍ telji hann sig hafa fyrir því haldbær rök að hann sé búinn að skapa sér heimili til framtíðar á landinu. Á hverju tímabili bætist við eitt ár og verður því eftir tímabilið 2023-2024 -5 ár og svo framvegis

Vísað til:  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglnanefndar  
Afgreitt:  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld



## 55. Körfuknattleiksping | 25. mars 2023

Þingskjal nr. 19b – Breytingartillaga á þingskjali nr. 19

Brjóti félag gegn grein þessari telst félag hafa notað ólöglegan leikmann og skal sæta viðurlögum samkvæmt 8. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

### **Greinargerð kkd Njarðvíkur**

*Breytingartillaga kkd Njarðvíkur hljóðar á að breyta lögnum á þann hátt að árin sem leikmaður telst samfelld hafa búið á Íslandi færist um eitt ár á hverju ári á þann hátt að ekki geta fleiri leikmenn hlotið þessa undanþágu og að lokum núllast út þessi regla án þess að þeir leikmenn sem nú þegar hafa unnið sér inn þessi réttindi missi þau og hljóta skaða vegna þess. Þessi breyting skilar bæði þeim árangri sem tillaga vinnunefndar ætlar sér og skerðir ekki réttindi þeirra leikmanna sem hafa unnið sér inn þá stöðu.*

*Langflestir ef ekki allir þessara leikmanna hafa fasta búsetu hér á landi, starfa í öðrum störfum á Íslandi, eiga fjölskyldu á Íslandi, borga hér skatta og önnur gjöld og geta gert allt hér á landi nema spila körfubolta. Flest félög hafa gert langa samninga við þessa leikmenn og vonast til þess að þessir leikmenn komi til með að setjast að í þeim bæjarfélögum sem þeir starfa og búa í. Við vonum með þessari breytingu á tillögu vinnunefndar á grein 15 á reglugerð um körfuknattleiksmót komum við til móts við önnur félög sem vilja taka þriggja ára regluna út og verndum bæði leikmenn og félög frá skaða eða skaðabótum.*

**Vísað til:**  Allsherjarnefndar  Fjárhagsnefndar  Laga- og leikreglanefndar  
**Afgreitt:**  Samþykkt óbreytt  Samþykkt með breytingum  Felld